SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Peningamál 2020/4



Almenn kynning

Þórarinn G. Pétursson
Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands

# Peningamál í hnotskurn

Farsóttin virtist í rénun í sumar en mikil fjölgun smita í haust og vetur

Bakslag í viðsnúningi í heimsbúskapnum

Mikill samdráttur útflutnings og lakari horfur en spáð í ágúst

Meiri samdráttur í ár og hægari bati á næsta ári

Mikil fækkun starfa og atvinnuleysi í sögulegar hæðir

Verðbólga hefur aukist og horfur á að hún verði þrálátari en áður spáð

# Útflutningur og innlent raunhagkerfi

# Gríðarlegur útflutningssamdráttur hér á landi …

- Farsóttin hefur leitt til algers hruns í komum ferðamanna til landsins: yfir 90% samdráttur í útflutningi tengdum ferðaþjónustu á Q2 og þjónustuútflutningur dróst saman um 64% milli ára á fjórðungnum og er nú á svipuðu stigi og hann var árið 2003
- Útflutningur vöru og þjónustu dróst saman um næstum 40% milli ára á Q2 – með því mesta sem mældist meðal OECD-ríkja

Ferðamenn og útgjöld[1]
7. mars - 13. nóvember 2020




Útflutningur vöru og þjónustu[2]
1. ársfj. 2010 - 2. ársfj. 2020




Útflutningur á öðrum ársfjórðungi í ýmsum OECD-ríkjum[3]




1. Fjöldi farþega sem fór daglega um Keflavíkurflugvöll. Tölur fyrir árið 2019 eru án farþega WOW Air. Greiðslukortatölur eru samtala debet- og kreditkorta útgefinna af erlendum aðilum. Sjö daga hreyfanlegt meðaltal. 2. Árstíðarleiðréttar magnvísitölur. 3. Árstíðaleiðrétt magnvísitala útflutnings vöru og þjónustu.

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Isavia, OECD, Seðlabanki Íslands.

# … og horfur fyrir næsta ár versna

- Gert ráð fyrir 30% samdrætti vöru- og þjónustuútflutnings í ár – meiri samdráttur en spáð var í ágúst og horfur versna líka á næsta ári vegna lakari horfa í ferðaþjónustu (gert ráð fyrir ríflega 750 þús. ferðamönnum á árinu í stað 1,1 milljón í PM 20/3)
- Þrátt fyrir útflutningssamdrátt helst viðskiptaafgangur allan spátímann: fer úr 6,2% af VLF 2019 í 2,6% í ár og er yfir 3% frá 2021

Útflutningur og framlag undirliða 2015-2023[1]




Viðskiptajöfnuður 2015-2023[2]




1. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarútflutningi. Álútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Ferðaþjónusta er samtala á „ferðalögum" og „farþegaflutningum með flugi". Grunnspá Seðlabankans 2020-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2020/3. 2. Jöfnuður rekstrarframlaga talin með frumþáttajöfnuði. Grunnspá Seðlabankans 2020-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2020/3.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Fjara tók undan bata þegar smitum fjölgaði aftur

- Innlend efnahagsumsvif tóku við sér í sumar þegar farsóttin rénaði og slakað var á sóttvörnum: akandi umferð var komin á svipað stig og fyrir ári um miðjan júní og innlend kortavelta var um 15% meiri en á sama tíma í fyrra …
- … en fjarað hefur undan batanum á ný – sérstaklega hefur dregið úr neysluútgjöldum sem krefjast nálægðar við annað fólk

Smit og sóttvarnir[1]
1. mars - 13. nóvember 2020




Umferð og kortavelta[2]
1. mars - 13. nóvember 2020




Útgjöld heimila eftir útgjaldaflokkum[3]
7. febrúar - 7. nóvember 2020




1. Fjöldi staðfestra smita er sjö daga hreyfanlegt meðaltal. Umfang sóttvarna vegur saman ýmsa mælikvarða á hversu hart stjórnvöld ganga fram við að draga úr útbreiðslu COVID-19. 2. Akandi umferð er dagleg umferð um Hafnarfjarðarveg sunnan Kópavogslækjar, Reykjanesbraut við Dalveg í Kópavogi og Vesturlandsveg ofan Ártúnsbrekku. Greiðslukortatölur eru samtala debet- og kreditkort útgefinna af innlendum aðilum. Fjórtán daga hreyfanlegt meðaltal. 3. Ýmis þjónusta á við veitingastaði, leikhús, líkamsræktarstöðvar o.fl. Heimilisútgjöld eiga við kaup á raftækjum, húsgögnum og í byggingavöruverslunum. 28 daga hreyfanlegt meðaltal.
*Heimildir:* Covid.is, Hagstofa Íslands, Meniga Markaðsvakt, Oxford COVID-19 Government Response Tracker, Vegagerðin, Seðlabanki Íslands.

# Lítill bati á H2/2020 og lakari horfur fyrir næsta ár

- Einkaneysla virðist hafa aukist nokkuð á Q3 en farsóttin veldur því að hún er talin dragast saman aftur á Q4
- Efnahagsbatinn á H2 sem spáð var í PM 20/3 er því nánast horfinn og VLF stendur í stað milli fjórðunga
- Spáð 8,5% samdrætti á árinu öllu (7,1% í PM 20/3) og bata næsta árs seinkar: hagvöxtur 2,3% í stað 3,4% í PM 20/3

## Ársfjórðungsleg einkaneysla og hagvöxtur[1]

4. ársfj. 2019 - 4. ársfj. 2020




## Hagvöxtur og framlag undirliða 2015-2023[2]




1. Árstíðarleiðrétt gögn. Grunnspá Seðlabankans fyrir 3. og 4. ársfjórðung 2020. 2. Grunnspá Seðlabankans 2020-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2020/3.

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Vinnumarkaður gefur eftir á ný

- Samkvæmt VMK virtist töluvert draga úr ársfækkun heildarvinnustunda í sumar og atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi hækkuðu skarpt á ný … en bakslag mælist í september: ársfækkun starfa eykst á ný og aukning atvinnuþátttöku stöðvast
- Staðan mælist enn verri sé horft til fjölda starfa m.v. staðgreiðslugögn og skráð atvinnuleysi mælist 2,9 pr. hærra en skv. VMK

Atvinna og vinnutími[1]
Janúar - september 2020




Atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi[2]
Janúar - september 2020




Fjöldi starfandi og atvinnuleysi[3]
Janúar - september 2020




1. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. 2. Árstíðarleiðrétt þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. 3. VMK stendur fyrir vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands. Skráargögn eru staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra fyrir fjölda starfandi og skráð atvinnuleysi Vinnumálastofnunar fyrir atvinnuleysi. Atvinnuleysi er árstíðarleiðrétt og er skráð atvinnuleysi árstíðarleiðrétt af Seðlabankanum. Þriggja mánaða hlaupandi meðaltal.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

# Vaxandi atvinnuleysi og mikill slaki í þjóðarbúinu

- Spáð er að atvinnuleysi verði að meðaltali 5,9% í ár skv. VMK og 8,3% að meðaltali á næsta ári – skráð atvinnuleysi verður hins vegar töluvert meira: 2 pr. meira í ár og á næsta ári og mælist liðlega 10% að meðaltali á næsta ári
- Slakinn nær hámarki í 5,7% í ár (lítillega minni en spáð í PM 20/3: minni framleiðslugeta vegur á móti hægari hagvexti)

Atvinnuleysi 2020-2023[1]




NF-vísitalan[2]
1. ársfj. 2006 - 3. ársfj. 2020




Atvinnuleysi og framleiðsluspenna 2014-2023[3]




1. Skráð atvinnuleysi án hlutabóta. Grunnspá Seðlabankans. 2. NF-vísitalan er fyrsti frumþáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðsluþátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2. 3. Grunnspá Seðlabankans 2020-2023. Brotalínur sýna spá frá PM 2020/3.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Verðbólga

# Vaxandi verðbólga í kjölfar gengislækkunar …

- Gengi ISK lækkaði snarpt þegar faraldur brast á: hafði lækkað um 12% snemma í maí en haldist tiltölulega stöðugt síðan þá
- Verðbólga mældist 2,5% á Q2 en var komin í 3,6% í október … án húsnæðis mælist hún 4,1% – eins og undirliggjandi verðbólga
- Útgjaldaflokkar sem voru næmir fyrir áhrifum samkomutakmarkana skýra mest af aukningu verðbólgu undanfarið

Gengi krónunnar[1]
2. jan. 2015 - 13. nóvember 2020




Verðbólga á ýmsa mælikvarða[2]
Janúar 2014 - október 2020




Framlag vöruflokka til verðbólgu
Janúar 2020 - október 2020




1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þröng viðskiptavog). 2. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). 3. Vöruflokkar þar sem eftirspurn er ónæm fyrir sóttvarnaraðgerðum (matur og drykkjarvörur, húsnæði, hiti og rafmagn, heilsa, póstur og sími, menntun og ýmis þjónusta). 4. Vöruflokkar þar sem eftirspurn er næm fyrir sóttvarnaraðgerðum (áfengi og tóbak, föt og skór, húsgögn og heimilisbúnaður, ferðir og flutningar, tómstundir og menning, hótel og veitingastaðir og snyrting).
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# … en langtímaverðbólguvæntingar breytast lítið

- Verðbólguvæntingar til skamms tíma hafa heldur hækkað undanfarið sem endurspeglar nýlega aukningu verðbólgu
- Hækkun verðbólguvæntinga til meðallangs og langs tíma er minni og eru þær við eða nálægt markmiði á flesta mælikvarða
- Þrátt fyrir aukna áraun sem rekja má til lækkunar ISK undanfarið virðist kjölfesta verðbólgumarkmiðs því enn halda

Verðbólguvæntingar[1]




1. Nýjustu kannanir Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja frá september 2020. Nýjasta könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila er frá byrjun nóvember 2020. Ekki er spurt um verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja til 10 ára. Nýjasta gildi verðbólguálags á skuldabréfamarkaði er meðaltal það sem af er 4. ársfj. 2020. Neðri helmingur myndar sýnir breytingu frá samsvarandi mælingum fyrir ári síðan.
*Heimildir:* Gallup, Seðlabanki Íslands.

# Spáð er að verðbólga hjaðni í markmið á næsta ári

- Spáð er að verðbólga verði um 3,7% að meðaltali fram á Q1/2021 en að mikill slaki í þjóðarbúinu togi hana niður í markmið á Q3/2021 þegar áhrif lækkunar ISK hafa fjarað út … nokkru meiri verðbólga en spáð var í PM 20/3 sem rekja má til verri upphafsstöðu, meiri hækkunar innflutningsverðlags og minni framleiðsluslaki en þá var gert ráð fyrir

Verðbólguspá og óvissumat

1. ársfj. 2014 - 4. ársfj. 2023




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Óvissuþættir og fráviksdæmi

# Efnahagshorfur ráðast af framgangi farsóttar …

- Hagvaxtarhorfur urðu æ svartsýnni eftir því sem skaðsemi farsóttar varð ljósari og versna á ný eftir aukna bjartsýni í ágúst
- Fráviksdæmi með ólíkum forsendum um hversu hratt farsótt gengur niður: lítil áhrif á 2020 en breyta horfum fyrir 2021 mikið …
- … hagvöxtur 2021 allt frá 0% í verra dæminu (2,3 pr. undir grunnspá) í 4,7% í betra dæminu (2,3 pr. yfir grunnspá)

Spár Seðlabankans um hagvöxt 2020




Farsótt gengur hægar niður




Farsótt gengur hraðar niður




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

# … en líka af sparnaðarhegðun heimila

- Sparnaður heimila jókst nokkuð í kjölfar fjármálakreppunnar og hefur aukist enn meira í kjölfar farsóttar
- Hversu hratt heimilin ákveða að ganga á þennan „þvingaða“ sparnað mun hafa töluverð áhrif á hagvaxtarhorfur á næsta ári …
- … hagvöxtur 2021 allt frá 1,5% ef meira sparað (0,9 pr. undir grunnspá) í 3,2% ef minna sparað (0,9 pr. yfir grunnspá)

Sparnaður heimila[1]
1. ársfj. 2010 - 2. ársfj. 2020




Heimilin ganga hraðar á sparnað




Heimilin ganga hægar á sparnað




1. Nokkur óvissa er um tölur Hagstofunnar um eiginlegt tekjustig heimila þar sem að ráðstöfunartekjuuppgjörið byggist ekki á samstæðuuppgjöri tekju- og efnahagsreiknings. Við útreikning á hlutfalli sparnaðar er miðað við áætlun Seðlabankans um ráðstöfunartekjur þar sem tölur Hagstofunnar eru hækkaðar með hliðsjón af áætluðum útgjöldum heimilanna yfir langt tímabil. Árstíðarleiðrétt gögn.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Mikil óvissa um efnahagshorfur

- Samkvæmt grunnspá fer VLF ekki yfir það sem hún var 2019 ekki fyrr en 2023 og er þá 5,6% undir því sem spáð var í PM 20/1 …
- … en óvissa er mikil: fari saman að farsóttin fjari hægar út og heimilin ganga hægar á eigin sparnað gæti orðið tæplega 1% samdráttur 2021 en ef farsóttin fjarar hraðar út og heimilin ganga hraðar á eigin sparnað gæti hagvöxtur orðið 5½%

Verg landsframleiðsla 2017-2023[1]




1. VLF samkvæmt grunnspá Seðlabankans 2020-2023 og ólíkum fráviksdæmum í rammagrein 1.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Peningamál í hnotskurn

Farsóttin virtist í rénun í sumar en mikil fjölgun smita í haust og vetur

Bakslag í viðsnúningi í heimsbú-skapnum

Mikill samdráttur útflutnings og lakari horfur en spáð í ágúst

Meiri samdráttur í ár og hægari bati á næsta ári

Mikil fækkun starfa og atvinnuleysi í sögulegar hæðir

Verðbólga hefur aukist og horfur á að hún verði þrálátari en áður spáð

Ritið í heild

Power Point myndir

Tíst

Kynning aðalhagfræðings

Myndagögn